

Lykiltölur um menntamál í Evrópulöndum

Í ritinu [Key Data on Education in Europe 2005](#), sem er nýkomið út, eru birtar samanburðarhæfar upplýsingar um menntamál í 30 Evrópulöndum.

Þar kemur m.a. fram að Evrópulönd verja stórum hluta vergrar landsframleiðslu sinnar til menntamála eða að meðaltali 5,1% árið 2001.

Hlutfallið á Íslandi var umtalsvert hærra sama ár eða 6,5%.

Ung börn í Evrópulöndum sækja í vaxandi mæli leikskóla þótt skólasókn á þessu skólastigi sé ekki skylda. Að meðaltali sóttu rúm 87% fjögurra ára barna í ESB löndunum leikskóla árin 2001-2002. Á Íslandi sóttu þá rúm 93% fjögurra ára barna leikskóla.

Yfir 75% fólks á aldrinum 20-24 ára í ESB löndunum hafa formlega lokið námi á framhaldsskólastigi.

Í þremur löndum, Möltu, Portúgal og Íslandi, er hlutfall fólks á aldrinum 20-24 ára sem lokið hefur framhaldsskóla innan við 60%.

Í Evrópu er algengt að um 25% fólks á aldrinum 20-24 ára hafi lokið starfsnámi en á Íslandi er hlutfallið innan við 10%.

Fjöldi háskólastúdenta í aðildarlöndum ESB hefur farið stöðugt vaxandi á undanförunum árum.

Á tímabilinu 1998-2002 var árlegur vöxtur 2% í ESB löndunum þrátt fyrir nokkra fækkun í aldurshópnum 20-29 ára.

Ísland er eitt þeirra landa þar sem aukningin var hlutfallslega mest á þessu tímabili eða 43%. Meðaltal ESB landanna 25 var 16%.



Ísland er meðal þeirra landa sem hafa hátt hlutfall háskólamenntaðra á aldrinum 30-34 ára eða yfir 30%.

Key Data on Education in Europe 2005 er gefið út af framkvæmdastjórn [Evrópusambandsins](#) en það er unnið af Eurydice, upplýsinganeti um menntamál í Evrópu, í samvinnu við Eurostat.

Key Data on Education in Europe 2005 má nálgast á vefsíðu Eurydice: <http://www.eurydice.org>.



Vika símenntunar 2005

[Vika símenntunar](#) verður haldin dagana 25.-30. september 2005. Vika símenntunar er stórt og árvissst verkefni þar sem fjölmargir hagsmunaaðilar eru kallaðir til samstarfs. Að þessu sinni er verkefninu fylgt eftir með áframhaldandi hvatningarátaki yfir veturinn víða á landsbyggðinni.



VIKA SÍMENNTUNAR

[Menntamálaráðuneytið](#) stendur fyrir Viku símenntunar en [Mennti](#) sér um skipulagningu og framkvæmd verkefnisins í samstarfi við [simeinntunarmiðstöðvarnar](#) nú á landsbyggðinni. [Starfsmenntaráð](#) styrkir einnig átakið.

Á höfuðborgarsvæðinu hefur Mennt umsjón með vikunni og sér um alla almenna kynningu. Samstarf er við fræðsluáðila, fyrirtæki, stéttarfélög, ráðgjafa, bókasöfn og fjölmiðla vegna átaksins. Lögð er áhersla á að fræðsluáðilar og fyrirtæki noti tækifærið og kynni námsframboð og fræðslumál í vikunni.

Á landsbyggðinni skipuleggja símenntunarmiðstöðvarnar níu dagskrá Viku

símenntunar og kalla aðila á svæðinu til samstarfs. Þær munu meðal annars bjóða upp á ókeypis námskeið eða ráðgjöf í tilefni af vikunni. Símenntunarmiðstöðvarnar halda Viku símenntunar þegar best hentar þeirra aðstæðum og verður átakið í gangi á mismunandi tíma eftir landshlutum til viðbótar við almennt átak 25.-30. september.

Nánari upplýsingar um vikuna er að finna á vef Menntar. Einnig má finna efni er varðar símenntun á vef [menntamálaráðuneytis](#).

Íslenskuskólinn á netinu

Íslenskuskólinn á netinu [islenkuskolinn.is](#) er skóli fyrir íslensk börn á leik- og grunnskólaaldri sem búsett eru erlendis. Markmið skólans er að sinna fjölbreyttri íslenskukennslu og menningarmiðlun í gegnum öruggt netsamfélag skólans. Í september 2005 höfðu yfir 800 nemendur búsettir í 33 löndum skráð sig í skólann.

Skólastarf Íslenskuskólans er afar fjölbreytt. Það skiptist annars vegar í almennt skólastarf og hins vegar í skipulögð námskeið undir handleiðslu kennara. Tekið er mið af íslenski [aðalnámskrá](#) og áhersla lögð á fjölpætta miðlun íslenskunnar. Jafnframt er menningarmiðlun og menningarfærni sinnt sérstaklega í öllu skólastarfinu.

Auk þess að veita nemendum aðgang að skemmtilegum viðfangsefnum og námskeiðum stuðlar Íslenskuskólinn að því að nemendur hafi samskipti sín á milli. Skólinn veitir einnig foreldrum og kennurum ráðgjöf um nám og kennslu. Á þennan hátt verður til nýtt samfélag á netinu.

Veturinn 2005-2006 verður unnið að ýmsum þróunarverkefnum í tengslum við skólastarfið. Meðal annars verður klúbbastarf útfært og sameiginlegt skólablað íslenskra grunnskólanemenda og nemenda í Íslenskuskólanum sett á vefinn.

Fréttir af námskrágerð

Vinnuhópar kennara, sem unnu við endurskoðun [námskráa](#) grunnskóla og list- og bóknámsbrauta framhaldsskóla vegna [breyttrar námskipunar til til stúdentsprófs](#), hafa skilað tillögum sínum til ráðuneytisins. Framkvæmdastjórn innan ráðuneytisins fer nú yfir og metur tillögurnar. Formaður framkvæmdastjórnar er Karl Kristjánsson.

